

Oddný Steina Valsdóttir og Jóhannes Hr. Símonarson  
Búnaðarsambandi Suðurlands

## Hvernig losna skal við njóla

Njóli (*Rumex longifolius*) er stórvaxin, grófgerð jurtt, oft um metri á hæð. Hann er áburðarfrekur og hleypur oft mikill vöxtur í hann í áburðarríku landi sem lítið er sinnt. Njólinn hefur einstakt lag á að ná fótfestu heima við útihús og á gömlum fjóshaugum, og víða hefur hann dreifst í vegköntum. Þykir af honum lítil prýði. Njóli finnst ekki til fjalla eða langt frá byggð.

Njóli getur oft á tíðum verið töluvert vandamál þar sem hann breiðist hratt út fái hann til þess frið. Í ræktunarlandi tekur hann pláss og næringarefni frá æskilegum nytjajurtum. Hann er ákaflega lífseigur og reynist mörgum erfitt að losna við hann hafi hann einu sinni náð að breiðast út. Hér verða tínd til nokkur atriði sem e.t.v. geta hjálpað einhverjum í baráttunni við njólann.

Oftast nær njóli sér á strik í einstökum blettum og breiðist þaðan út. Taki menn eftir að njóli sé að hefja innreið sína ætti að bregðast við fyrr en seinna til að koma í veg fyrir stærra vandamál. Njóli fjölgar sér með fræjum og hver planta sem upp kemst ber gríðarlega mörg fræ. Höfuðáherslu þarf því að leggja á að njólinn nái aldrei því stigi að mynda kólf og bera fræ. Ef um fáar plöntur er að ræða má reyna náttúruvæna leið og stinga upp ræturnar. Til að drepa njólann á þennan hátt þarf að skera á ræturnar nokkuð djúpt eða neðan við rótarhálsinn þar sem vaxtarbroddurinn er. Að slá njóla ítrekað áður en hann ber fræ eða reita hann upp með hluta róta er að vísu tímafrek aðferð en veikir smám saman rötarkerfið og drepur plöntuna að lokum. Þar sem njólinn hefur náð útbreiðslu kalla þessi ráð hins vegar á botnlausu vinnu sem varla er raunhæft að mæla með. Eitrun er því oft nauðsynleg.

Til að eyða útbreiddum njóla hefur helst verið mælt með efninu **Herbamix** hér á landi. Þetta efni er í vökvaformi og blandast með vatni. Það er kerfisvirkt og berst um sáldæðar plöntunnar og veldur ofvexti. Herbamix drepur aðeins tvíkimblöðunga, s.s. njóla, túnfífil og skriðsóley en hefur lítil eða engin áhrif á einkimblöðunga s.s. grös. Illgresið er viðkvæmast fyrir efninu

þegar það er í örur vexti og hefur efnid mestu virknina þegar hlýtt er eða við 12-15°C hita. Rigni innan sex klst. frá úðun þá dregur það verulega úr virkni efnisins.

Best hefur reynst að úða gegn njóla a.m.k. þrisvar sinnum. Fyrst tvisvar að vori með 2ja til 3ja vikna millibili og síðan aftur að hausti. Jafnvel getur þurft að úða sama svæði aftur vorið eftir ef ske kynni að njólinn hafi náð að fella fræ um sumarið. Sé úðað seint að vori og kominn kólfur með fræjum getur verið skynsamlegt að fjarlægja kólfinn og farga honum tryggilega til að reyna að tryggja að fræin dreifist ekki frekar.

Við endurræktun túna sem njóli er í þarf að gæta að sér við jarðvinnsluna. Ef land er plægt síðari hluta sumars eða að hausti verður að fjarlægja/drepa njóla sem er í blóma. Að öðrum kosti getur jarðvinnslan orðið til þess að dreifa fræjunum. Sé plægt að vori þarf að plægja nokkuð djúpt til að farga þeim fræjum sem hugsanlega liggja á yfirborðinu og einnig til að slíta rætur njólans neðan við rótarhálsinn.

Dreifingaraðili Herbamix er Gróðurvörur ehf. Efnid tilheyrir Hættuflokki B sem þýðir að allir fullorðnir geta keypt það en haft er eftirlit með sölu þess og því þurfa kaupendur að skrá nafn og kennitölu. **Ágætar leiðbeiningar varðandi umgengni við efnid og blöndunarhlutföll eru á umbúðum og skal fylgja þeim í hvívetna.**